



Verkmenntaskólinn á Akureyri

STÆF2RH05 – Fjarkennsla

Kennslubréf 1

Verið velkomin í STÆF2RH05 í fjarnámi.

Þið þurfið að útvega ykkur kennslubókina SKO – horna- og rúmfræði í Eymundsson eða hjá útgefanda hér: <https://www.idnu.is/vara/sko-horna-og-rumfraedi/>

Það er mjög mikilvægt að fylgja námsáætlun og reikna þau verkefni sem eru tekin fyrir í hverri viku. Aftarlega í bókinni eru svör við dæmum sem þið skulið alltaf kíkja á og athuga hvort þið hafið reiknað dæmin rétt. Það eru einnig QR kóðar í bókinni sem vísa á myndbönd sem útskýra efnið og sum dæmin. Endilega nýtið ykkur þessi myndbönd. Verið einnig dugleg að senda mér tölvupóst og spyrja um atriði sem þið eruð strand á. Þá get ég vonandi sent ykkur leiðbeiningar eða jafnvel útbúið myndbönd til að útskýra.

Á Moodle sjáið þið námsáætlun fyrir haustönn 2025. Skoðið hana vel en þar sjáið þið það efni sem er tekið fyrir í hverri viku. Ég mun líka taka það fram í bréfunum sem ég set inn á Moodle fyrir hverja viku.

Ég set inn nýtt bréf á hverjum mánudegi og verkefni þegar það á við. Til að byrja með er verkefni í hverri viku. (Sjáið það líka á námsáætlun). Verkefnunum skilið þið í skilakassa á Moodle sem PDF skjali. Þið getið prentað verkefnin út, skrifað á þau og skannað lausnina til að skila PDF skjali. Skiladagur kemur fram í skilakassa. Skil eru næsta mánudag eftir að verkefnið er lagt fyrir nema síðustu tvö verkefnin, þá hafið þið tvær vikur til að skila.

Skoðið líka vel hvernig námsmatið fyrir áfangann er uppsett. Tíu verkefni gilda samtals 40%, Tvö Moodle verkefni gilda 10% samtals og lokapróf gildir 50%. Þið þurfið að ná 40% árangri á lokaprófi til að aðrar einkunnir annarinnar gildi.

Kafli 1 - Evklíð

Lesið vandlega útskýringar í 1. kafla í bókinni.

Skilgreiningar Evklíðs: athugið vel mun á línu og striki.

1.8 Horn: Tvær hálfínur með sama upphafspunkt mynd horn.

Hvasst horn $< 90^\circ$

Rétt horn $= 90^\circ$

Gleitt horn $> 90^\circ$

Beint horn = 180°

1.9 Einslæg horn

Þar sem tvær línur eru skornar af þriðju línunni myndast alls 8 horn, fjögur við hvorn skurðpunkt. Horn sem hafa línuna t sameiginlega annað hvort sem vinstri arm eða hægri arm nefnast einslæg horn. (Til að átta sig á því hvort armurinn er vinstri eða hægri er gott að ímynda sér að maður standi í oddpunkti hornins.)

1.10 Einslæg horn við samsíða línur

Einslæg horn eru ekki jafnstór nema línurnar tvær sem eru skornar af þeirri þriðju séu jafn stór.

Hornapör

Skoðið vel skilgreiningar á topphornum, grannhornum, frændhornum og lagshornum.

Vinnið verkefni 1

Gangi ykkur vel og hika við að spyrja ef það er eitthvað.